

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Neshrepps utan Ennis.

1. gr.

Vatnsveita Neshrepps er eign Neshrepps utan Ennis. Heimili hennar og varnarþing er í Neshreppi utan Ennis.

2. gr.

Hreppsnefnd Neshrepps hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði sem skipulagt er og vatnsveita nær yfir og hún getur fullnægt og einnig til Landshafnarinnar í Rífi.

3. gr.

Hreppsnefnd Neshrepps fer með yfirstjórn vatnsveitunnar og sér um fjárreiður og bókhald. Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið og skulu reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsreikninga og fylgja hreppsreikningum ár hvert.

4. gr.

Hreppsnefnd lætur leggja vatnsæðar svo við á þéttbýli sem þörf krefur og fært þykir, svo að húseigendur eigi aðgang að þeim við veg, götu eða opin svæði, sem lóðir þeirra liggja að eru í námunda við. Vatnsveitan skal sjá um viðhald og endurbætur á aðalæðum og dreifiaðum.

Vatnsveitan skal á eigin kostnað koma fyrir brunahönum í samráði við slökkviliðsstjóra.

5. gr.

Ef sýnt þykir, að götuæðar þær sem fyrir eru geti eigi séð atvinnufyrirtæki eða öðrum, sem óska eftir vatni til annarra þarfa en heimilisþarfa fyrir vatni, er notanda skylt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur eftir úrskurði vatnsveitunnar. Ef óskað er eftir vatnsnotkun utan þess svæðis, sem vatnsveitan nær til og hefur tekið til skipulags og byggingar, getur vatnsveitan sett það skilyrði fyrir lögn vatnsæðar, að tryggt sé að kostnaður við lögnina fái endurgreiddur með beinni þátttöku notanda með því að gjöld fyrir vatnsnotkun verði ákveðin með hliðsjón af kostnaðinum.

6. gr.

Frá vatnsæðum vatnsveitunnar má enginn leggja vatnsæðar nema með leyfi vatnsveitunnar. Hver sá er óskar eftir að fá vatnsæð tengda húsi sínu, gera endurbætur eða breytingar á eldri lögnum skal sækja um það til hreppsnefndar og gera grein fyrir áætlaðri vatnsþörf og til hvers vatnið skuli notað. Með umsókninni skal fylgja uppdráttur að vatnslögninni. Vatnsveitan sér um tengingu frá vatnsveituæð

gegn sérstöku stofngjaldi. Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæðar úr götulögn að húsi hans og annast viðhald á sinn kostnað. Allar lagnir skulu lagðar undir eftirliti starfsmanna vatnsveitunnar og ber húseiganda að fara í öllu eftir fyrirmælum þeirra að því er snertir efni og frágang. Vatnsveitan getur ákveðið að heimæðar eða hluti þeirra skuli lagðar af starfsmönnum vatnsveitunnar, en á kostnað húseiganda.

7. gr.

Skylt er hverjum húseiganda að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við leka, þegar er hans verður vart. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki geti frosið í leiðslum.

Eftirlitsmönnum vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús og lóðir vatnsnotenda til eftirlits með vatnslögnum og tækjum, sem sett eru í samband við þær. Ef þeim þykir umbúnaði í einhverju ábótavant, skal húseiganda skylt að bæta úr því tafarlaust, ella er vatnsveitunni heimilt að láta vinna verkið á kostnað húseiganda.

8. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við bilanir á vatnsæðum eða tækjum, sem við þær eru tengd, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddögum. Vatnsskatt ber að greiða að fullu þótt lokað sé fyrir vatnið af þessum orsökum.

9. gr.

Óheimilt er að tengja dælur eða tæki er nota vatn, önnur en venjuleg heimilistæki við heimæðar, nema með sérstöku leyfi hreppsnefndar. Óheimilt er að tengja æðar vatnsveitunnar við önnur veitukerfi nema með sérstöku leyfi hreppsnefndar. Enn fremur er óheimil öll meðferð vatnstækja, sem valdið geta óhreinun á vatni í vatnsveituað. Óheimilt er að taka vatn úr brunahönum nema með leyfi vatnsveitunnar. Enginn má eyða vatni að óþörfu. Réttur húseigenda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja að þrýstingur á götuæðum sé ávallt nægjanlegur.

10. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, sem verða vegna vinnu við vatnsveituna, takmörkunar á vatnsnotkun eða af öðrum ástæðum.

Vatnsveitan hefur rétt til að takmarka vatnsnotkun, ef skortur er á vatni eða að loka fyrir vatnið vegna framkvæmda við vatnsveituna. Ef eldsvoða ber að höndum hafa slökkvilið, lögregla og starfsmenn veitunnar heimild til að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar mega teljast, hvort sem er á vatnsæðum vatnsveitunnar eða í einkaiegn.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna skal innheimta árlegan vatnsskatt af öllum fasteignum sem vatn er lagt í. Almennur vatnsskattur skal miðaður við ákveðinn hundraðshluta af fasteignamati mannvirkja og lóða eins og það er á hverjum tíma notað sem álagningarstofn fasteignaskatts eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar. Undanþága frá gjaldskyldu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu vatnsskatts.

Almennur vatnsskattur hverrar fasteignar skal hlíta ákvæðum um hámarks og lágmarksgjald af hverjum rúmmetra í byggingum og ennfremur hlíta ákvæðum um lágmarksgjald af hverri fasteign.

12. gr.

Hreppsnefnd getur ákveðið að setja upp vatnsmæla hjá þeim fyrirtækjum og einstaklingum sem nota mikið vatn utan heimilisþarfa, t. d. frystihús, vinnslustöðvar o. fl. og innhemta aukavatnsskatt eftir mældri vatnsnotkun. Vatnsveitan sér um uppsetningu og eðlilegt viðhald mælanna, en húseigandi greiðir fyrir uppsetningu og mælaleigu samkvæmt gjaldskrá. Húseiganda ber að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust er hann kann að verða var við bilanir á vatnsmæli. Áætla má vatnsnotkun ef mælir bilar eða af öðrum ástæðum er ekki í gangi. Stofngjald fyrir tengingu heimæða sbr. 7. gr. ákveður hreppsnefnd hverju sinni.

13. gr.

Vatnsskattur fellur í gjalddaga 15. febrúar ár hvert og ber að greiða skattinn til skrifstofu hreppsins. Þar sem aukavatnsskattur er greiddur, er heimilt að greiða skattinn á 4 gjalddögum í lok hvers ársfjórðungs eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar.

Vatnsskatt má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði á viðkomandi eign næstu tvö ár eftir gjalddaga og gengur hann fyrir hvers konar samnings og aðfararveði.

14. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að semja sérstaklega við hafnarnefnd Landshafnarinnar í Rífi um sölu vatns til hafnarinnar.

15. gr.

Hreppsnefnd getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, sem reglugerð þessi fjallar um. Jafnframt getur hún veitt undanþágu frá reglugerðinni ef hún telur gildar ástæður til þess.

16. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 100 000 nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum.

Ef einhver veldur skemmdum á vatnsveitunni skal hann bæta þær að fullu og sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 82 8. mars 1973 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 27. febrúar 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.